

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Íslandsbanka.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Íslandsbanka.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 300 þúsund krónur er haldast skal óskert.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að:

1. styðja íslenska menningu og listir.
2. veita líknarmálum framgang.
3. efla verkmenntun, vísindi og tækni.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Íslandsbanka hf., sem aðalfundur ákveður hverju sinni, vaxtatekjur og önnur framlög sem kunna að berast sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara, sem bankaráð kýs til 3ja ára í senn.

6. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum.

7. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal endurskoðaður af skoðunar-mönnum Íslandsbanka og birtur í ársskýrslu bankans.

9. gr.

Eingöngu aðalfundur getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða að leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður, renna eignir hans til Listasafns Íslands, Háskóla Íslands og Listasafns A.S.Í. að jöfnu.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á aðalfundi Íslandsbanka hf. 30. apríl 1990. Kemur hún í stað skipulagsskrár fyrir Menningarsjóð Iðnaðarbankans sem staðfest var 8. júlí 1988, en á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands hf. 17. janúar 1990 var samþykkt að réttindi og skyldur Iðnaðarbanka Íslands hf. skv. skipulagsskránni skyldu yfirfærast til Íslandsbanka hf.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. apríl 1990.

Í stjórn Menningarsjóðs Íslandsbanka

Valur Valsson

Brynjólfur Bjarnason

Matthías Jóhannesson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Þors⁴ inn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Halldórsson, fyrsta söngstjóra Karlakórsins Fóstbræðra, í tilefni af því að 2. nóvember 1989 eru 100 ár liðin frá fæðingu hans.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Halldórssonar.
Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Karlakórinn Fóstbræður og félag gamalla Fóstbræðra.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafafé frá stofnendasjóði Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar í Reykjavík ásamt gjöfum og framlögum frá ýmsum velunnurum Karlakórsins Fóstbræðra, samtals að fjárhæð kr. 423 570.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til eftirfarandi verkefna:
Til að rita sögu Karlakórsins Fóstbræðra.
Til að kaupa ný verk af tónskáldum til flutnings á tónleikum kórsins.
Til að efla karlakóratónmennt í landinu.
Ekki má skerða stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður Karlakórsins Fóstbræðra og er hann formaður sjóðsstjórnar, formaður félags gamalla Fóstbræðra og einn til viðbótar kjörinn á aðalfundi (haustfund) Karlakórsins Fóstbræðra.

7. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum skv. 5. gr. Hún annast um bókhalð og sjóðvörslu. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan máta að mati sjóðsstjórnar.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. september til 31. ágúst. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum kórsins og skulu birtir með reikningum kórsins á aðalfundi ár hvert.